

Fyrirspurn	E 17/2024
Flytjandi	Skrifleg fyrirspurn um nýja framtíðarsýn Nordefco og stefnumótandi hlutverk norræns samstarfs
Viðtakendur	Ríkisstjórnir Norðurlandanna

E 17/2024 Skrifleg fyrirspurn um nýja framtíðarsýn Nordefco og stefnumótandi hlutverk norræns samstarfs

Til ríkisstjórna Norðurlanda

Norðurlöndin eru bundin sterkum tengslum – pólitískum, menningarlegum og sögulegum. Löndin okkar tengjast með sameiginlegum landsvæðum en einnig með því hver-nig samfélög okkar ganga fyrir sig. Þrátt fyrir það hefur okkur ítrekað mislukkast að líta á hvert annað sem bandamenn.

Norrænu varnarmálaráðherrarnir samþykktu nýja framtíðarsýn Nordefco hinn 30. apríl 2024. Í skjalinu er lýst forgangsaðgerðum innan norræna varnarmálasamstarfsins til ársins 2030.

Í nýrri framtíðarsýn Nordefco er stefnumarkandi samráð nefnt sem fyrsta forgangsa-triðið, ásamt sameiginlegum skilningi á stöðumynd. Líta má á þetta sem sögulegt. Í ljósi þessa viljum við beina eftirfarandi spurningum til ríkisstjórna Norðurlanda: Mun nýja Nordefco-framtíðarsýnin einnig hafa í för með sér nýja línu á öðrum sviðum, þannig að Norðurlöndin muni í auknum mæli líta á hvert annað sem bandamenn?

Til hvaða aðgerða munu ríkisstjórnir Norðurlanda grípa til að efla sameiginlegan skilning á stöðumynd á Norðurlöndum, ekki aðeins á sviði hernaðar heldur einnig á öðrum sviðum?

Hvaða augum líta ríkisstjórnirnar á vægi norrænu þjóðþinganna – og hlutverk Norðurlandaráðs – fyrir hina sameiginlegu stöðumynd?

Norðurlöndum, 28. maí 2024

Hanna Katrín Friðriksson
Jouni Ovaska
Heidi Greni

Anna Starbrink
Lars-Christian Brask

